

og dæma stefndu in solidum til að greiða stefnanda kr. 32.340.10 með vöxtum eins og krafizt var svo og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 3000.00. Þá ber og að taka til greina kröfu stefnanda um staðfesting löghaldsins, sem réttilega var til laga haldið.

Bjarni Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Framangreind löghaldsgerð er staðfest.

Stefndu, Stefán Björnsson og Jóhann Friðriksson, greiði annar fyrir báða og báðir fyrir annan stefnanda, h/f Goða, kr. 32.340.10 með 6% ársvöxtum frá 25. marz 1952 til greiðsludags og kr. 3000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 20. maí 1955.

Nr. 5/1954. **Jón Guðjónsson** (Magnús Thorlacius)

gegn

Skarphéðni Kristbergssyni (Enginn).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu, útgefinni 14. janúar 1954, að fengnu áfrýjunarleyfi 6. s. m. Krefst hann þess aðallega, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 4585.37 með 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1951 til greiðsludags og málskostnað í héraði og hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar. Þá krefst hann og, að staðfest verði til tryggingar dæmdum fjárhæðum löghald það, sem gert var í fógetadómi Reykjavíkur 26. júlí 1952 og í málinu getur. Til vara krefst áfrýjandi staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi stefnda hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Stefndi hefur ekki komið fyrir Hæstarétt í máli þessu og enginn af hans hálfu, og er honum þó löglega stefnt. Málið hefur því verið flutt skriflega samkvæmt 1. tölulið 38. gr. laga nr. 112/1935.

Í héraði lagði áfrýjandi fram reikning um efni og vinnu, er hann kveðst hafa látið stefnda í té. Stefndi mótmælti því í greinargerð, að áfrýjandi hefði lagt til meira efni en greint er í héraðsdómi. Þrátt fyrir mótmæli þessi hafðist áfrýjandi ekkert að til að afla gagna til sönnunar þessum lið kröfu sinnar, fyrr en eftir að dómur gekk í héraði. Þessi málflutningur brýtur algerlega í bága við 111. gr. sbr. 110. gr. laga nr. 85/1936, og verður því, þar sem stefndi hefur ekki komið fyrir Hæstarétt, að dæma málið eingöngu eftir skilríkjum þeim, sem fram komu af hálfu aðilja fyrir héraðsdómi. Og með því að ekki verður af þeim gögnum ráðið, að áfrýjandi eigi rétt til hærri fjárhæðar úr hendi stefnda en honum var dæmd í héraði, á hinn áfrýjaði dómur að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 24. júlí 1953.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, hefur Jón Guðjónsson húsa-smíðameistari, Grenimel 30, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 15. september 1951, gegn Skarphéðni Kristbergssyni múrarameistara, Hofsvallagötu 59, hér í bænum, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 4585.31 auk 6% ársvaxta frá 1. janúar 1951 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Þá hefur stefnandi með framhaldsstefnu, útgefinni 6. ágúst f. á., krafizt þess, að staðfest verði löghaldsgerð, er fram fór í fógetarétti Reykjavíkur 26. júlí f. á. í eignarhluta stefnda í húseigninni nr. 59 við Hofsvallagötu til tryggingar stefnukröfunum, svo og til tryggingar kostnaði við löghaldsgerðina, eftirfarandi fjárnám og uppboð, ef til kemur. Enn hefur stefnandi krafizt málskostnaðar í framhaldssök úr hendi stefnda.

Í greinargerðum aðal- og framhaldssakar hefur stefndi krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómarans. Hins vegar hefur hann við flutning málsins krafizt sýknu gegn greiðslu á kr. 2413.14, og verði málskostnaður látinn falla niður.

Málavexti kveður stefnandi þá, að haustið 1950 hafi hann tekið að sér nokkrar innréttingar og aðrar smíðar í íbúð stefnda í húsinu nr. 59 við Hofsvallagötu, hér í bænum, og sé hin umstefnda skuld eftirstöðvar kostnaðar við verk þetta (efni og vinna).

Samkvæmt framlögðum reikningum stefnanda eru vinnulaun reiknuð kr. 7144.10, en efni og fleira, er stefnandi telur sig hafa lagt til, kr. 3759.14. Stefndi hefur viðurkennt reikninga stefnanda, að því er vinnulaunin varðar. Hins vegar hefur hann mótmælt því ákveðið, að stefnandi hafi lagt til efni fyrir meira en kr. 769.04 að meðtöldum söluskatti. Beri stefnanda því samtals fyrir verkið kr. 7913.14. Upp í það kveðst stefndi hafa greitt kr. 5500.00, og kemur þá fram hin viðurkennda fjárhæð.

Dómkvaddir menn hafa metið vinnu stefnanda við hús stefnda að meðtöldum tryggingum, orlofi og söluskatti á kr. 7357.64. Hefur stefnandi krafizt þess, að við dóm í málinu verði matsfjárhæð þessi lögð til grundvallar vinnulaunakröfu hans, en gegn mótmælum stefnda verður ekki á þessa kröfu stefnanda fallizt, heldur verða vinnulaunin miðuð við reikninga stefnanda.

Stefnandi hefur ekki gegn mótmælum stefnda sannað, að hann hafi lagt meira efni til verksins en stefndi hefur viðurkennt, og það er ágreiningslaust, að stefnandi hefur fengið kr. 5500.00 greiddar upp í verk sitt. Verða því úrslit málsins þau, að stefndi verður aðeins dæmdur til að greiða hina viðurkenndu fjárhæð, kr. 2413.14, ásamt vöxtum eins og krafizt hefur verið svo og málskostnaði, þar eð greiðsla hefur ekki verið boðin fram, áður en til málssóknar kom. Þykir málskostnaðurinn hæfilega ákveðinn kr. 650.00. Þá ber að staðfesta fyrrgreinda löghaldsgerð fyrir dæmdum fjárhæðum.

Ísleifur Árnason, setuborgardómari, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Framangreind löghaldsgerð staðfestist.

Stefndi, Skarphéðinn Kristbergsson, greiði stefnanda, Jóni Guðjónssyni, kr. 2413.14 með 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1951 til greiðsludags og kr. 650.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.